

Skólahópar í menningardagskrá á vorönn 2023

Bókasafn Garðabæjar

Dagskrá fyrir 6. bekk

16. janúar –8. febrúar

Tími: 60 mínútur

Hvar er Valli? Ratleikur um allt safnið sem eykur færni nemenda í að leita, lesa kort, finna bækur á safninu og nota sjálfsafgreiðsluvélina.

Aftur til Hofsstaða

Dagskrá fyrir 5. bekk

9. febrúar -31. mars

Sýningin Aftur til Hofsstaða á Garðatorgi 7 heimsótt. Verkefni sem unnin eru af Dagrúnu Ósk Jónsdóttur þjóðfræðingi lögð til grundvallar en fræðslan miðar að því að nemendur finni svör við ýmsum spurningum með því að snúa millusteini á sýningunni og læri þannig að nota sýninguna. Efni á vef verður aðgengilegt til undirbúnings eða eftirfylgni en sýningin og vefurinn afturtilhofsstada.is eru hönnuð af Gagarín.

Hönnunarsafn Íslands

Dagskrá fyrir 4. bekk

9.febrúar - 31. mars

Tími: 90 mínútur

Heimilið heima. Hönnunarsmiðja sem byggir á nýrri sýningu, Hönnunarsafnið sem heimili. Hönnuðurnir Auður Ösp Guðmundsdóttir og Kristín María Sigþórsdóttir leiða nemendur í vinnu sem opnar augu þeirra fyrir starfi hönnuða og uppfinningafólks og húsgögn í smækkaðri mynd verða til á ímyndað heimili. Afrakstur smiðjunnar sýndur á Barnamenningarhátíð í Garðabæ og Hönnunarmars.

Bókasafn Garðabæjar

Dagskrá fyrir 8. - 10. Bekk

Mars

Tími: 50 mínútur

Ljóðaslamm Jón Magnús Arnarsson leikari og rithöfundur og fyrrum ljóðaslamm verðlaunahafi leiðbeinir í smíðjunni.

Ljóðið í öllum sínum myndum verður í forgrunni í sérstakri smíðju fyrir unglingadeildina. Smíðjan ýtir undir sköpunargáfuna og eflir orðaforða. Er skyldleiki milli ljóðsins og rappsins? Þátttakendur fá tækifæri til að semja eigin ljóð og kynnst frelsandi leið við að koma tilfinningum í orð, jafnvel í taktföstum slögum.

Tónlistarskóli Garðabæjar

Dagskrá fyrir 1. – 2. bekk

2. og 3. mars

Ævintýrið um Ferðafljóð

Lítill stúlka vaknar upp í torfbænum sínum við undarlegt hljóð. Henni opnast leið inn í ævintýraheim og fer í háskalegt ferðalag á baki Fugls. Hún þarf að bjarga fólki í neyð vítt og breytt um heiminn. Hún kemst að því að hún hefur ofurkrafta sem er röddin hennar og leysir þrautir með röddina að vopni. Alls kyns furðuverur koma við sögu svo sem illir álfkarlar, fenjadísir og fleiri fyrirbæri.

Tónlistin er blanda af þjóðlögum og þekktum sönglögum frá ýmsum löndum. Áhorfendur fara í spennandi ævintýraleiðangur með Ferðafljóði og Fugli og kynnst í leiðinni allskyns skemmtilegri tónlist. Valgerður Guðnadóttir fer með hlutverk Ferðafljóðs. Tónleikarnir eru í boði Listar fyrir alla í samvinnu við Menningu í Garðabæ.

Barnamenningarhátíð í apríl

Leikskólahópar tveir með sýningu á bókasafni.

Leikskólahópar á tónleika í Tónlistarskóla.

1. bekkur heimsækir sýninguna Aftur til Hofsstaða
3. bekkur fer í skapandi smíðju á yfirbyggðu torgi
5. bekkur spreytir sig í ritsmiðju á Bókasafni
7. bekkur leiðsögn og pælingar á sýningu í Hönnunarsafni
- 8-10. bekkur fær að skyggjast bakvið tjöldin í geymslur Hönnunarsafns

Bókasafn Garðabæjar

Dagskrá fyrir 1. bekk

1. - 31. maí

Sumarlestur í lok 1. bekkjar. Nemendur kynnast bókasafninu í því skyni að auka sjálfstæði og öryggi nemenda í lok fyrsta skólaárs.